

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Akureyrarbæ.

*Breyting á deiliskipulagi Menntaskólans á Akureyri og aðliggjandi íbúðarsvæðis.*

Bæjarstjórn Akureyrarbæjar hefur þann 2. júní 2020 samþykkt deiliskipulagsbreytingu fyrir Eyrarlandsveg 31.

Breytingin felur í sér að heimilt verði að rífa núverandi hús við Eyrarlandsveg 31 og byggja nýtt hús. Nýtingarhlutfall lóðarinnar hækkar úr 0,358 í 0,540. Breyting er gerð á hverfisverndarákvæðum og að nýbygging taki mið af útliti núverandi húss og falli inn í götumynd húsanna við Eyrarlandsveg 27-35. Mænishæð nýbyggingar verði að hámarki 6,8 m yfir gólfí 1. hæðar. Gólfkóti 1. hæðar nýbyggingarinnar skal vera sá sami og gólfkóti 1. hæðar núverandi húss. Þakhalli skal vera á bilinu 33-40° í samræmi við önnur hús í húsaröðinni. Heimilt er að hafa útbyggingu utan við bindandi byggingarlínu í samræmi við núverandi hús og aðliggjandi hús í húsaröðinni. Heimilt er að hafa kjallara undir nýbyggingunni. Heimilt verður að gera 2-3 bílastæði á lóðinni með aðkomu frá Barðstúni. Byggingarreitur á suðurhluta lóðar færir 2 m til norðurs, fjær lóðarmörkum.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

Með auglýsingu þessari fellur úr gildi auglýsing nr. 429/2020.

*F.h. Akureyrarbæjar, 12. júní 2020,*

**Margrét M. Róbertsdóttir** verkefnastjóri skipulagsmála.